



Horft yfir framkvæmdasvæðið af verðandi veitingatorgi. Til hægri er neðsta hæð fjögurra sambyggðra húsa þar sem verða veitingastaðir og til vinstri er unnið í grunni mjólkurbúshússins. Mynd: GPP

Framkvæmdir í nýja miðbænum á fullri ferð

Framkvæmdum í nýja miðbænum miðar nú vel áfram þrátt fyrir erfitt veðurfar undanfarnar vikur. Tvö hús eru risin og er þar unnið innandyra að frágangi sex íbúða á annarri og þriðju hæð og atvinnuhúsnæði á jarðhæðum.

Þá er búið að steypa upp jarðhæð undir fjögur sambyggð hús sem standa saman vestan við hið nýja Brúarstræti og skilja það frá aðaltorginu. Í þessari neðstu hæð, sem sést á myndinni, og snýr út að lægri hluta torgsins, svokölluðu veitingatorgi, verða tveir veitingastaðir og fyrir liggur að annar þeirra verður sjávarréttastaður sem bera mun keim af Tjöruhúsinu á Ísafirði. Á hæðinni fyrir ofan, sem snýr út að Brúarstræti, verða

fjögur verslunar- og þjónusturými og sex íbúðir á þriðju hæð.

Þá er unnið að uppsteypu stærsta hússins í fyrri áfanga, sem er endurgerð hins upprunalega Mjólkurbús Flóamanna í formi menningarhúss þar sem verður stór sýning um íslenska skyrið, verslanir og veitingar.

Fjöldi manns á vegum verktakanna Jáverks og Borgarverks vinnur við uppbygginguna og undirbúning framkvæmda við önnur hús fyrri áfanga. Þá er umhverfshönnun miðbæjarins að ljúka en samkvæmt upplýsingum frá Sigtúni þróunarfélagi eru grænar áherslur í fyrirrúmi til aukinnar skjólmyndunar með trjám og öðrum gróðri.



Hér má sjá sama sjónarhorn og er á myndinni að ofan.



Brrr...
Það er farið að kólna.
Nú er rétti tíminn til að yfirfara og stilla hitakerfi og snjóbræðslur fyrir veturinn.

PÍPULAGNIR HELGA
Selfossi - S. 699 1985 / 823 6656

snögg og góð þjónusta

HAFÐU SAMBAND ☎ 511 5008

Átt þú rétt á slysabótum?
Við hjálpum þér að leita réttar þíns

TORT
INNHEIMTA SLYSABÓTA

LAGERHREINSUN

Mikill afsláttur - Allt á að seljast
Nýjar vörur streyma inn

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

82%

Sunnlendinga lesa
Dagskrána í hverri viku



99%
RYKFRÍTT

PARKETSLÍPUN

OG LAGNIR Á SUÐURLANDI

Slípunin er 99% rykfrí og eingöngu er notast við hágæða lökk og slípivörur.

Gólf list
Parketlagning og viðhald

Gerum föst tilboð eða fermetraverð.

Sími 690 5115



Gullspretturinn utanvegahlaup ársins 2019

Gullspretturinn, hlaup í kringum Laugarvatn, var valinn besta utanvegahlaupið af hlaup.is og lesendum vefjarins annað árið í röð. Verðlaunin fyrir árið 2019 voru veitt nú á dögum. Í flokki utanvegahlaupa hafnaði Vesturgatan í öðru sæti og Laugavegshlaupið í því þriðja.

Gullspretturinn er ólíkur öðrum hlaupum að því leyti að þátttakendur þurfa að vaða ár, hlaupa úti í vatninu, gegnum mýri og eftir flóum. Hlauparar geta átt von á að mæta nautum og hrossum á leiðinni, jafnvel að verjast árás kriunnar á stöku stað. En skipuleggjendur stíka leiðina daginn áður og passa sérstaklega upp á að verja hreiður, fuglabýggð og viðkvæma bakka. Einstök veðurblíða hefur fylgt Gullsprettinum og þá getur mýið látið á sér kræla. Keppendur koma þó skælbrosandi í mark eftir þessa skemmtilegu þolraun og ekki fer brosið af þeim þegar þeir uppgötva veitingarnar sem í boði eru; nýbakað og ylvolgt hverarúgbrauð með smjöri og reyktum silungi frá Útey, skolað niður með Egils Gulli. Rúsin-



Pálmi Hilmarsson og Erla Pálmadóttir, Gullspretturinn, besta utanvegahlaupið 2019.



Grima Guðmundsdóttir og Sigurður Halldórsson, Gullspretturinn, besta utanvegahlaupið 2018.

an í pylsuendanum er svo það í Fontana en aðgangur að heilsulindinni er innifalinn í keppnisgjaldi hlaupsins. Fyrirtæki úr héraði hafa styrkt hlaupið með veglegum verðlaunum.

Mikil gleði og stemning hefur skapast í kringum Gullsprettinn. Undirbúningur, framkvæmd og frágangur eftir hlaupið er í höndum sjálfboðaliða og hjálpast þeir að við að gera alla umgjörð sem besta og heimilislegasta. Númerin sem hlauparar nota eru handskrifuð á léreft og eru notuð aftur og aftur. Undanfarin ár hefur fjöldi þátttakenda verið takmarkaður við 300 manns og komast færri að en vilja. Félagar í Björgunarsveitinni Ingunni hafa verið okkur til halds og trausts frá upphafi og fylgja hlaupunum eftir á báti úti á vatninu. Eins eru alltaf nokkrir sprækir eftirfarar sem reka lestina.

Allur ágóði af hlaupinu hefur farið til góðgerðarmála eða annarra samfélagslegra verkefna. Björgunarsveitin Ingunn hefur fengið fjárstyrki árlega,

göngustígar við vatnsbakka Laugarvatns hafa verið lagfærðir, börn og unglíngar hafa fengið styrki til íþrótt- og læknisferða erlendis.

Ágóði af Gullsprettinum 2019 fór í að byggja bryggju við vatnið sem mikið var notuð í veðurblíðunni í sumar. Ferðalangar hafa hvílt lúin bein í stólum á bryggjuspróðinum og ekki sparað myndatökur. Stóllinn og bryggjan eru nú Instagram stjórnur ... þessar stjórnur fóru að vísu illa í storminum 14. febrúar síðastliðinn en aðstandendur Gullsprettsins munu að sjálfsögðu endurreisa þær.

Gullspretturinn verður haldinn í sextánda skipti 13. júní næstkómandi og mun skráning fara fram á hlaup.is. Dagsetning skráningar veður auglýst á Facebook-síðu Gullsprettsins og þar má sjá margar skemmtilegar myndir frá liðnum sprettum. Hlökkum til að sjá ykkur!

Fyrir hönd skipuleggjenda
Gullsprettsins,
Grima Guðmundsdóttir.



Rauði kross Íslands
Árnesingadeild

Heimsóknarvinanámsskeið verður haldið fimmtudaginn

20. febrúar 2020, kl. 18:00

Hvað gerir heimsóknarvinur:

- Hlutverk heimsóknarvinnar er fyrst og fremst að veita félagskap, nærveru og hlýju.
- Hvað er gert fer allt eftir óskum gestgjafa.
- Margir kjósa að spjalla, lesa, hlusta á tónlist, spila, tefla eða fönndra. Fara í gönguferðir eða kaffihús svo eitthvað sé nefnt.
- Hver heimsókn er hugsuð ein klst. á viku og er fyrir fólk á öllum aldri.

Ef þú hefur áhuga á að kynna þér heimsóknarvinaheimsóknir endilega skráðu þig á eftirfarandi slóð hér:

<http://skraning.raudikrossinn.is/namskeid?CourseId=a0N0J0000000Alx>

Námskeiðið er haldið í húsnæði
Rauða krossins að Eyraveggi 23, Selfossi.





Ekki gleyma
uppáhalds
konunni þinni
á konudaginn!

Motivo

Hönnun, tíska og afafavara

Austurvegi 9 Selfossi S: 482 1700 Motivo.is

Komdu með í Karlahaupið 1. mars

Karlahaup Krabbameinsfélagsins í Mottumars fer fram sunnudaginn 1. mars 2020 kl. 11:00 og er það upphafið að viðburðaríkum og skemmtilegum mánuði!

Meginmarkmið Mottumars er að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameinum hjá karlmönnum. Átakið er hvatning fyrir alla karlmenn og fjölskyldur þeirra til að vera meðvitaða um einkenni krabbameina og sinna forvörnum. Einnig er það leið til að afla fjár sem gerir Krabbameinsfélaginu kleift að sinna fræðslu, forvörnum, rannsókn-um, ráðgjöf og stuðningi fyrir karlmenn.

Krabbameinsfélag Árnessýslu tekur að sjálfsögðu virkan þátt í atakinu og vill leggja sitt af mörkum til að sýna málefnum stuðning í verki, hvetja alla karla til að skrá sig í hlaupið og taka þátt í skemmtilegum og heilsu-eflandi viðburði.

Til að auka möguleika og aðgengi til að sækja viðburðinn og til að efla samstöðu innan félags-



ins, býður félagið upp á rútuferð frá Selfossi og til baka að hlaupi loknu. Brottför frá Eyravegi 23, Selfossi kl. 9:30. Rútan er öllum að kostnaðarlausu, körlum sem ætla að hlaupa/ganga og konum sem ætla að hvetja og styðja.

Til að áætla stærð rúttunnar er nauðsynlegt að skrá sig í rútuferðina á netfangið arnessysla@krabb.is í síma 788 0300 eða í gegnum Messenger á Facebook.

Til að skrá sig í hlaupið sjálf er farið inn á www.mottumars.is og smell á flipann *Skráning í hlaupið*. Á heimasíðunni má einnig finna allar þær upplýsingar sem þörf er á, meðal annars um vegalengd og fyrirkomulag hlaupsins.

Þetta er viðburður sem allir geta tekið þátt í, vanir og óvanir hlauparar skokkarar labbarar! Hreyfing sem forvörn!



Heilbrigðisráðherra heimsækir HSU Kirkjubæjarklaustri

Heilbrigðisráðherra kom nýverið í heimsókn á heilsugæslustöðina á Kirkjubæjarklaustri. Ráðherra mætti ásamt félögum sínum í Vinstri grænum, en þau voru á ferð um landið í kjördæmavíkunni. Erindi þingflokksins var að kynna

sér fjarheilbrigðisþjónustu og heilsugæslu í litlu dreifbýli. Þetta var góð heimsókn og fjallað var um málefnið vítt og breytt í góðu spjalli og mikil ánægja starfsfólks heilsugæslunnar með innlítið.

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar og ferskar sunnlenskar fréttir!

Landbúnaður og umhverfi á Suðurlandi Nýir tímar, nýjar áskoranir og ný tækifæri

Málþing Rotarýklúbbs Rangæinga og Landgræðslunnar, 27. febrúar í Gunnarsholti

13:00 Setning mállþings. **Ísólfur Gylfi Pálmason**, forseti Rótarýklúbbs Rangæinga

13:10 Ávarp umhverfis- og auðlindaráðherra. **Guðmundur Ingi Guðbrandsson**

13:25 Landbúnaður á tímum loftlagsbreytinga, **Guðrún Tryggvadóttir**, formaður Bændasamtakanna

13:40 Loftslagsvænni landbúnaður. **Borgar Páll Bragason**, fagstjóri nytjaplantna, RML

13:55 Syndaflausnir í kolefnisbúskap. **Stefán Gíslason**, framkvæmdastjóri UMÍS

14:10 Kolefni, moldin og landnýting. **Ólafur Arnalds**, prófessor, LbhÍ

14:25 Grólinn. **Bryndís Marteinsdóttir**, verkefnisstjóri, Landgræðslunni

14:40 Bændur kolefnisjafni sinn rekstur. **Ólafur Eggertsson**, bóndi

14:55 Kaffihlé

15:15 Lífræn efni í landbúnaði.

Magnús H. Jóhannsson, sviðsstjóri, Landgræðslunni

15:30 Breyttar heyverkunaraðferðir, **Finnbogi Magnússon**, búaðknifræðingur

15:45 Kornræktin – framtíðarmöguleikar, **Sæmundur Sveinsson**, fagstjóri í erfðafræði. MATÍS

16:00 Garðyrkjan – framtíðarmöguleikar, **Guðríður Helgadóttir**, starfsmennta-

námsstjóri

16:15 Umraður

16:45 Fundarslit – **Árni Bragason**, landgræðslustjóri



Streymt verður frá fundinum í gegnum facebooksíðu Landgræðslunnar.
Fundarstjórar: Sveinn Runólfsson og Drífa Hjartardóttir

Hásjávað við Þorlákshöfn í óveðri síðustu viku

Í síðustu viku gekk sjór víða á land, en búið var að spá talsverðum áhlaðanda í kjölfar lægðarinnar. Þessar mynd-

ir fékk blaðið sent frá Róberti Karli Ingimundarsyni af Þorlákshafnarbryggju. Á neðri myndinni má sjá Skarfaskers-

bryggjuna. Þar má vel sjá hve hátt sjólinan er. Á efri myndinni má sjá Jón á Hofi og Múlabergið standa hátt.



Einfaldaralif.is

Kofaveiki

Skilgreining: Þegar einstaklingur hefur dvalið heima hjá sér í lengri tíma vegna sinna eigin veikinda eða annarra fjölskyldumeðlima.

Þegar einstaklingur hefur dvalið heima hjá sér í lengri tíma vegna veðurs.

Undanfarið hef ég komist minna út en ég hefði viljað. Ég hef verið heima að hugsa um veikt barn. Sofið illa og gengið á hálfum tanki. Ég held að flestir foreldrar þekki þessa tilfinningu. Við tökum því jafnan sem sjálfsögðum hlut þegar allir geta mætt á sinn stað og við getum sinnt okkar vinnu og hlutverkum. Þegar svo eitthvað ber út af og við dettum úr rútínu, sofum ver þá finnum við smám saman hvernig orkan verður minni og það er eins og líkaminn kalli á súrefni.

Þannig var vikan mín. Sonur minn er búinn að vera veikur, með einhverskonar flensu. Hann er búinn að standa sig ótrúlega vel og hefur verið mjög þolinmóður. Hann er búinn að fá að spila meira af tölvuleikjum en vanalega og horfa mun meira á sjónvarpið. Á svona dögum er maður þakklátur fyrir tæknina og að það sé endalaus afþreying í boði fyrir þreytt og veik börn. Svo kom loksins sá dagur að hann fór að hressast. Þá fór ég að finna fyrir einkennum kofaveikinnar. Ég fór að finna að líkami

minn kallaði á súrefni. Heilinn þráði sólarljós. Félagsveran í mér þráði félagsskap fullorðinna einstaklinga og líkaminn þráði hvíld.

Hvað er hægt að gera þegar svona er? Fyrsta hugsun margra er líklega sú að fá sér auka kaffibolla og súkkulaðibita. Trúið mér, ég hef gert það. Ég þráði líka að leggja mig en ég vissi að þegar ég myndi vakna yrði ég jafn þreytt og áður. Hvað var þá til ráða? Jú, ég reddaði mér pössun í eina klst. á meðan maðurinn minn var í vinnu og fór út að ganga. Ég held ég geti aldrei lýst því almennilega í orðum hvað einn langur og góður göngutúr gerir fyrir mig bæði andlega og líkamlega. Ég hreinlega elska göngutúra og þeir gera það alltaf að verkum að mér líður betur bæði andlega og líkamlega þegar ég kem heim.

Góð ráð til að losna við kofaveiki

1. Fara út úr húsi og anda að sér súrefni t.d. með því að stunda einhverskonar hreyfingu.
2. Fara í heimsókn til vinar/vinkonu
3. Sinna áhugamálum sínum utan heimilis.


Gangi þér sem allra best,

Gunna Stella,
IIN heilsumarkþjálfari, B.ed.

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er Berglind Ólafsdóttir.

Ég vil byrja á því að þakka henni Silju vinkonu minni fyrir þessa virkilega frábæru áskorun. Til gamans má geta að Silja hafði samband við mig í algerri neyð í síðustu viku og bað um uppskrift að eftirrétti. Ég gaf henni einu uppskriftina mína sem svikur aldrei og verðlaunaði hún mig með því að skora á mig hér. Illa farið með góða konu ef þið spyrjið mig. Annars hef ég mjög gaman af því að prófa mig áfram í eldhúsinu og finnst það oft og tíðum hin ágætasta hugleiðsla. Ég prófaði um daginn nýja uppskrift að blómkáls-tacco sem heppnaðist gríðarlega vel sem mig langar að deila með ykkur hér. Uppskriftin er frá grgs.is.



- Blómkáls-tacco**
- 1 stórt blómkál (eða 2 minni)
 - 2 msk. ólífúolía
 - 1 tsk. chilli mauk (ég notaði sambal oelek)
 - 6 tsk. paprikukrydd
 - 3 tsk. cumin-krydd
 - 1 límóna
 - Salt og pipar
 - Tortillur
 - Grænmeti að eigin smekk

Einnig langar mig að deila með ykkur franskrí súkkulaðiköku frá ömmu minni, henni Jóhönnu Jensen, en kökurnar hennar eru með því besta sem ég kemst í.

- Frönsk súkkulaðikaka**
- 150 gr. smjör
 - 150 gr. suðusúkkulaði
 - 4 egg
 - 2 dl sykur
 - 1 tsk. vanillussykur
 - ¼ tsk. salt
 - 2 ½ dl hveiti

- Yfir kökuna**
- 100 gr. súkkulaði
 - 1 msk. smjör

Skerið blómkálið niður í litla bita. Blandið saman olíu, límónusafa og kryddum í skál og veltið blómkálínu upp úr blöndunni. Raðið blómkálínu á bökunarplötu, gott að setja smjörpappír undir, og bakið á 175°C í 30 mínútur. Mér finnst mjög gott að bera þessa snilld fram með guacamole, sýrðum rjóma eða chilli majo og svo grænmeti að eigin smekk en mér finnst nánast orðið ómissandi að setja mangó átacco.

Bræðið smjórið og bætið súkkulaðinu út í, hrærið og leyfið því að bráðna. Kælið síðan blönduna. Egg og sykur þeytt vel saman. Vanillussykur og salt sett út í. Súkkulaði- og smjörblöndunni bætt við ásamt hveitinu og öllu hrætt vel saman. Deiginu skellt í pappírsklætt form inn í ofn við 175°C í 30 mínútur. Að lokum er súkkulaði og smjör brætt saman og sett yfir kökuna þegar hún er orðin köld. Berið fram með rjóma (eða ís!) og jarðarberjum.

Ég ætla að skora á vinkonu mína hana, Valdísi Bjarnadóttur, að vera næsti matgæðingur vikunnar en það hafa fáir tærnar þar sem hún hefur hælana í eldhúsinu. Ég lofa ykkur að þið verðið ekki svikin af því sem hún mun töfra fram hér í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Þrískólafundur

Löng hefð er fyrir samvinnu FSu, Fjölb. Vesturlands Akranesi og Fjölb. Suðurnesja. Samstarfið felur í sér samráð bæði milli stjórnenda og starfsfólks skólanna þriggja, þar sem skólarnir eiga ýmislegt sameiginlegt varðandi námsframboð og starfs-umhverfi. Á tveggja ára fresti hittist allt starfsfólk skólanna þriggja, heldur samráðsfundi og hlýðir á erindi. Á mánudag féll niður kennsla, en þá kom starfsfólk FS og FVA í heimsókn hingað í FSu. Dagurinn var nýttur

til fundahalda, en einnig til að hlusta á fróðleg erindi. Jón Torfi Jónasson, prófessor í HÍ, hélt erindi um niðurstöður rannsókna í framhaldsskólum og Anna Steinsson frá Kvan hélt erindi um samskipti og þrautseigju. Hópurinn skiptir sér niður í smærri einingar yfir daginn og völdu menn sér umræðuhópa eftir kennslugreinum. Var mál manna að vel hefði tekist til og gott og gagnlegt fyrir starfsfólk skólanna að bera saman bækur sínar og ræða um skólastarfið.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.

Ritstjórn: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarpp@prentmet.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sjáslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Í heygardinum verk ég vann í vetrarönnum,
gerði við hjá veidimönnum,
og var á milli fingra á svönnum.

Svar við gátu í blaði 2534: **LÓMUR.**
1. lína: Hrekkjalómur - 2. lína: Lómur (fugl)
3. lína: Barlómur

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Bláskógabyggð

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér **kynt skipulagstillaga fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

1. Efri-Reykir L167080. Bláskógabyggð. Varmaorkuver. Deiliskipulag.

Kynt er nýtt deiliskipulag fyrir varmaorkuver til rafmagnsframleiðslu í tengslum við núverandi borholu á jörðinni Efri-Reykir, þar sem áætlað framleiðsla verði um 1200 kW.

Í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, undir kaflanum 2.4.8. Stakar framkvæmdir, er þess sérstaklega getið að: hitaveita í byggð og á hálendi er heimilt að virkja heitt vatn (borholur), allt að 2.500 kW.

Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag Kjarnholtum 3 í Bláskógabyggð.

Lögð fram í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, umsögn Skipulagsstofnunar dags. 30. 10. 2019, til afgreiðslu og umsagnar.

Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við að sveitarstjórn Bláskógabyggðar hafi ekki rökstutt með nægjanlega ítarlegum hætti svör við athugasemdum sem bárust í kjölfar auglýsingar á deiliskipulagi fyrir Kjarnholt 3, í Bláskógabyggð.

Bökun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 12. desember 2019: Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bregst við umsögn Skipulagsstofnunar með eftirfarandi hætti:

Deiliskipulagið er í samræmi við staðfest aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Svæði þetta er skilgreint sem fristunda-svæði, merkt F99, Kjarnholt 3 í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Deiliskipulagið samræmist því markmiði í aðalskipulagi Bláskóga-

byggðar varðandi fristundabyggð, að ný hverfi skuli að jafnaði vera í tengslum við núverandi fristundabyggð og að á fristundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu ½ - 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03, (sbr. kafla 2.3.2 Fristundabyggð). Enn fremur er í aðalskipulagi gert ráð fyrir verslun og þjónustu á deiliskipulagssvæðinu, merkt V17, Kjarnholt 3. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustu fyrir, s.s. gistihúsi, smáhýsum og tjaldstæði. Fyrirhugað deiliskipulag samræmist því markmiði aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027, að stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu og styrkari þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna stoðum undir byggð, (sbr. kafla 2.4.3 Verslun og þjónusta). Reynt verður eftir bestu getu að minnka neikvæð umhverfisáhrif með því að mannvirki skuli falla sem mest að svipmóti lands og lita og efnisval miðað við náttúrulega líti.

Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reykjavegur. Syðri-Reykir 2. Bláskógabyggð. Ný aðkoma að lóðum. Aðalskipulagsbreyting.

Vegna athugasemda Skipulagsstofnunar dags. 15. nóvember 2019.

Afgreiðsla/rökstuðningur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 23. 1. 2020:

Umsögn Vegagerðarinnar, dags. 3. desember 2019, var lögð fram. Þar kemur fram að Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur rétt að vinna formlega breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna veltengingar við Reykjaveg í landi Syðri-Reykja 2, sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. nóvember sl. Um er að ræða nýja tengingu við stofnveg og fjölga þar með tengingum við veginn, þar sem aðkoma að landi og lóðum Syðri-Reykja 2 L137163 hefur til þessa farið um

sömu tengingu og aðkoma að Syðri-Reykjum 1. Með breytingunni er því tryggð óheft umferð að landi Syðri-Reykja 2, sem áður hefur þurft að fara í gegnum hlaðið að Syðri-Reykjum 1. Sveitarstjórn telur breytinguna óverulega þar sem hún hefur ekki verulegar breytingar á landnotkun í för með sér, breytingin tekur ekki til svæðis sem nýtur náttúruverndar, áhrif hennar taka til lítils svæðis og er breytingin ekki talin líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, aðra en þá sem eiga land Syðri-Reykja 2, L137163, en þeir hafa óskað eftir að breytingin yrði gerð. Breytingin er jákvæð fyrir eigendur Syðri-Reykja 1, þar sem umferð mun ekki lengur fara um hlaðið á Syðri-Reykjum 1.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir tillöguna í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa UTU að senda Skipulagsstofnun rökstuðning sveitarstjórnar og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofufötum embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögu á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélags: <https://www.blaskogabyggd.is>.

Skipulagstillaga nr. 1 er í **kyningu** frá 19. febrúar til 11. mars 2020. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 **þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 11. mars 2020**. Athugasemdir og ábendingar og skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi, runar@utu.is

VÍNBÚÐIN FLÚÐUM

Við óskum eftir sumarstarfsfólki



Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfstímabil er frá miðjum maí út ágúst.

Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri.

Sakavottorðs er krafist.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars nk. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Nánari upplýsingar: María Magnúsdóttir, fludir@vinbudin.is, 560 7884 og

Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



KEYRSLA.IS
Sendibílastjóri

Búslóðaflutningar og vörudreifing
Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas

Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna kynnir:

Allir á svið

Gamanleikrit eftir Michael Frayn í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar

Sýnt er í Aratungu og allar sýningar hefjast kl. 20.00

19. febrúar – 3. sýning
22. febrúar – 4. sýning
23. febrúar – 5. sýning
26. febrúar – 6. sýning
28. febrúar – 7. sýning
29. febrúar – 8. sýning

Miðaverð: 3000
Eldri borgarar: 2000
Börn: 1500 (grunnskólaaldur og yngri)

Leikhúsmatseðill verður í boði Mika Borðapantanir í síma 486-1110 eða mika@mika.is

Upplýsingar og miðapantanir í síma 896-7003

Þjóðsaga til næsta bæjar

Sýning fyrir alla fjölskylduna

Leikstjóri, höfundur leikgerðar og tónlistar: Örn Árnason

Útsetning tónlistar: Birgir Jóhann Birgisson

6. sýning laugardag 22. febr. kl: 14:00
7. sýning sunnudag 23. febr. kl: 14:00
8. sýning laugardag 29. febr. kl: 14:00
9. sýning sunnudag 1. mars kl: 14:00
10. sýning laugardag 7. mars kl: 14:00
11. sýning sunnudag 8. mars kl: 14:00

Miðaverð kr. 1,500- fyrir börn 12 ára og yngri. Fullorðnir kr. 3,000-

Miðapantanir í síma 863-8522

Sýnt í Leikhúsinu Austurmörk 23.

LEIKFÉLAG HVERAGERÐIS
STOFNAD 1947

Það er nánast vandræðalegt hversu stefnulaus ég er í bókavali - segir lestrarhesturinn Helga Sighvatsdóttir

Helga Sighvatsdóttir er uppalin í Biskupstungum, bjó um tíma í Reykjavík, en flutti á Selfoss 1995. Hún er gift Björgvini E. Björgvinsyni áfangastjóra við FSU og eiga þau einn son. Helga lauk blokkflautukennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1986 og hefur starfað sem blokkflautukennari æ síðan - fyrst við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og svo við Tónlistarskóla Árnesinga. Helga varð aðstoðarskólalastjóri TÁ árið 2000 og tók við sem skólalastjóri fyrir tveimur árum. Áhugamálin eru fjölmörg svo sem útivist og gönguferðir, listir af öllum toga og lestur góðra bóka.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að byrja á bók Páls G. Jónssonar um *Flateyjardalsheiði*. Páll var bóndi í Garði í Fnjóskadal, kennari og landpóstur á fyrri hluta 20. aldar. Hann þekkti Flateyjardalsheiði manna best og skrifaði bókina árið 1944 en þá var öll byggð á Heiðinni farin í eyði.

Tvær ástæður eru helstar fyrir bókavalið og spurning hvora skuli nefna á undan. Það sem ýtti lestrinum af stað var áhugi fyrir gönguferðum um þessar slóðir. Í tengslum við það las ég fyrir nokkrum árum bók Theodórs Friðrikssonar, *Í verum*, þar sem Theodór segir frá lífshlaupi sínu í Fjörðum og á Flateyjardal. Í framhaldi af lestrinum fór gönguhópurinn minn í dásamlega gönguferð um Fjörður. Hin ástæðan eru fjölskyldutengsl mín við Fnjóskadalinn, en afi minn og amma, Arnór Sigurjónsson og Helga Kristjánsdóttir voru bændur á bænum Þverá í Fnjóskadal á árunum 1942 - 1951. Pabbi var 16 ára þegar fjölskyldan flutti í Þverá. Þar heillaðist hann af búskapnum og þótti alltaf vænt um eyðibýggðirnar og fjöllin norður af Þverá. Og þangað kom mamma frá Þýskalandi 1949. Ég hef því lengi haft augun opin fyrir lesefni sem tengist þessum slóðum.

En hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Alls konar bækur, úr öllum áttum. Það er nánast vandræðalegt hvað ég er stefnulaus í bókavali. Sem sýnishorn af því sem þar hefur runnið í gegn síðasta árið má nefna bækur um náttúru og náttúruvernd *Húsið okkar brennur* um Gretu Tunberg, *Um tímann og vatnið* eftir Andra Snæ og *Flóru Íslands* eftir Hörð, Jón Baldur og Þóru Ellen, nokkrar ljóðabækur síðast

Öld fjölsins eftir Gunnar Dal, bók um hreyfingu sem ég fékk í kaupbæti við önnur bókakaup *Allra meina bót* eftir Hansson og Sundberg, íslenskar skáldsögur s.s. *Afleggjarann*, *Ör* og *Rigningu í nóvember* eftir Auði Övu og *Immflytjandann* eftir Ólaf Jóhann, ævisögur *Die Trapp-Familie - Die wahre Geschichte hinter dem Welterfolg*, Hin sanna saga á bak við heimsfrægð eftir Jelinek og Moser-Schuöcker og *Heiðu - fjalldalabóndann* eftir Steinunni Sigurðardóttur, enskar kiljur *A Secret Garden* eftir Fforde og *No Place Like Home* eftir Macomber, þýskar kiljur *Diebwies* eftir Diwiak og *Herz über Kopf* eftir Platt og ítalska kennslubók *La casa sulla scogliera* eftir Cinzia Medaglia. Sem sagt fullkomin óreiða.

Ertu alin upp við bókalestur?

Já, ég var alin upp við lestur og allskonar bækur fylltu bókahillur. Pabbi las mjög mikið og það var eiginlega sama hvað fyrir honum varð, því áhuginn lá víða. Má nefna þjóðlegan fróðleik, sagnfræði, skáldsögur, myndlist, náttúrufræði, vísindi, íþróttir og fréttir. Þetta var því allt að finna í hillunum heima. Mamma var líka óþreytandi að lesa fyrir okkur börnin og þar sem fjöldi barna var oft nokkur yfir sumarmánuðina var hlustað á kvöldlestur langt fram á unglingsár. Sum systkina minna voru mun meiri lestrarhestar en ég og gleypu í sig heilu doðrantana á meðan ég fór hæggar yfir.

Áttu þér einhverja uppáhaldsbók?

Ég á ekki eina uppáhaldsbók frá uppvextinum en hafði gaman af ævintýrabókum Enid Blyton og Grimmsevintýrum. Bækurnar um *Hildu* eftir Sandwall-Bergström las ég oftar en einu sinni og svo þegar ég lærði þýsku 12 ára, heillaðist ég af bókum Erich Kästner. Þetta voru *Das doppelte Lottchen* (Tvöfalda Lotta) sem fjallar um tvíbursystur sem finna hvor aðra og *Das fliegende Klassenzimmer* (Fljúgandi skólastofa). En það má kannski nefna eina bók sem ég ólst upp við og glugga í flest kvöld enn þann dag í dag. Það er ótrúlega fallega myndskreytt nótnabók sem heitir *Frohes Singen, frohes Klingen* (Gleðisöngur, gleðihljómur), með þýskum þjóðlögum og jólaögum. Vatnslitamyndirnar sem prýða bókina eru eftir Janusz Grabianski. Mamma spilaði reglulega á píanó upp úr bókinni og myndirnar skoðaði ég mikið, enda var bókinn alveg komin úr bandinu. Ég fékk nýtt eintak af bókinni í afmælisgjöf fyrir nokkrum árum og spila upp úr henni flest kvöld. Þessi bók er algert gull.



Helga Sighvatsdóttir.

En hvað einkennir lestrarvenjur þínar?

Þær eru mjög einfaldar. Ég les alltaf fyrir svefninn, og á ferðalögum eru bækur ómissandi. Það fylgir því sérstök sælutilfinning að byrja nýja bók í upphafi ferðar.

Hefur bók rænt þig svefni?

Já, það hefur komið fyrir. Man eftir þegar ég las ævisögu Mariu von Trapp, *Die Trapp-Familie*, sem er fyrirmynd kvikmyndarinnar *The Sound of Music*. Ég var illa sofin í skólanum daginn eftir.

En að lokum Helga, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ég hef aldrei leitt hugann að bókaskrifum, en mér dettur helst í hug barnabækur. Ekki þá í gegnum skriftir, heldur frekar í gegnum teikningar eða klippimyndir. Þar væri ég þá á sömu slóðum og áður, en ég myndskreytti bæði blokkflautukennslubókina *Ómblíða flautan* og barnabókina *Snillingar í Snotraskógi*.

Lstrarhestur númer 88.

Umsjónarmaður,
Jón Özur Snorrason.

Fjögurra kvölda félagsvist á Rósakaffinu í Hveragerði



Þriðjudaginn 11. febrúar byrjaði fjögurra kvölda félagsvist á Rósakaffi Breiðumörk 3, Hveragerði. Þetta er í annað sinn sem þar er haldin fjögurra kvölda félagsvist, sú fyrri var í nóvember og desember á síðasta ári. Nokkuð langt er um liðið síðan félagsvist hefur verið í boði fyrir Hvergerðinga, nema þá innan félagsamtaka. Það er gaman og notalegt að setjast niður og spila á spil. Spilakvöld nr. 2 er á þriðjudaginn 18. febrúar og byrjar kl. 20. Aftur þriðjudaginn 25. febrúar og þriðjudaginn 3. mars.



HEILSUHORN HSU

Hvað er grindarbotn?

Allt að 40% kvenna upplifa einhver vandamál með grindarbotnsvöðvana af einhverjum toga á lífsleiðinni. Þau vandamál geta verið ýmisleg en það er oft þannig í daglegu lífi að viðkomandi verður ekki var við veikleika, en við aukid álag birtist veikleikinn. Áreynsluþvagleki er einna algengasti kvilli kvenna og kemur við álag, eins og hopp, skokk, hósta, að hlæja, íþróttir ofl.

Barneignir eru dæmi um það sem dregið getur úr styrk grindarbotnsvöðvanna þar sem aukinn þungi liggur á honum. Ýmislegt fleira getur einnig komið til eins og t.d. vegna tíðahvarfa, skaða á mjaðmagrind, skurðaðgerðir og meðfæddir gallar.

Stundum er vandamál að grindarbotninn er yfirspenntur. Það er vandmeðfarið og birtist helst í þvagleka og verkjum. Það gæti þurft mat hjá fagaðila til að meta það en þá ætti ekki að gera grindarbotnsæfingar, heldur er unnið með öndun og slökun

Hvað er grindarbotn og grindarbotnsvöðvar?

Þessir vöðvar mynda einskonar gólf undir kviðarhol-

liffærin og skipta því miklu máli í sambandi við þvagleka, legsgig, hægða/loftleka og verki. Þessir vöðvar halda líffærunum á sínum stað. Svára kallinu sjálfvirk og herpast án þess að við þurfum að plana það. Grindarbotninn er hluti af miðjunni okkar „core“-inu og virkjast mest þegar við virkjum djúplægu kviðvöðvana.

Það þarf að hjálfa grindarbotninn sérstaklega ef það eru veikleikar eða sig á honum.

Hvað er þá hægt að gera við slöppum grindarbotnsvöðvum?

Grindarbotnsæfingar eru áhrifarík leið til að vinna gegn þessum vandamálum með réttum æfingum og réttu æfingaálagi. Mikilvægt er að finna þá og læra að spenna rétta vöðva og slaka líka á þeim. Það hefur sýnt sig að öndun og tengslin við vöðvahópna í kviðnum og bakinu skiptir mjög miklu máli varðandi grindarbotninn. Öndun er samofin virkni í grindarbotnsvöðvunum en þegar við drögum andann inn slaknar á grindarbotninum og þegar við öndum frá okkur lyftist hann upp. Þetta er ákveðin tækni sem maður gæti þurft hjálp við að tileinka sér í æfingunum.

Aukin lífsgæði tengt þessum vandamálum eru mikilvæg



Björk Steindórsdóttir, ljósmóðir.

og að læra að takast á við vandann. Oftast er það hægt með réttu æfingunum og rétta æfingaálaginu. Þetta er ekki eitthvað sem er í tísku, heldur verður að vera lífsstíll og dagleg rúttina hjá okkur.


Það hjálpar að ná upp grunnstyrk, sem gefur okkur þá sterkari miðju, leiðir til betri líkamsstöðu og dregur úr mjóbaksverkjum. Sterkur grindarbotn er líka mikilvægur fyrir gott kynlíf.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Björk Steindórsdóttir ljósmóðir Selfossi.

Nýir tímar, nýjar áskoranir og nú tækifæri í landbúnaði

Landbúnaður er einn af undirstöðuáttvinnugreinum Suðurlands. Mikil umræða hefur verið um stöðu hans í landinu að undanförmu. Í tilefni Rótarydagsins efnir Rótaryklúbbur Rangæinga og Landgræðslan til spennandi málþings undir yfirskriftinni Landbúnaður og umhverfi á Suðurlandi – nýir tímar, nýjar áskoranir og ný tækifæri. Málþingið er haldið í Gunnars-holti, fimmtudaginn 27. febrúar kl. 13. Dagskráin er mjög fjölbreytt þar sem fjallað er m.a. um loftslagsbreytingar, loftslagsvænni landbúnað, kolefnisjöfnun, syndaaflausnir í loftslagsmálum, moldina, landnýtingu, lífræn efni í landbúnaði, breyttar heyverkanir, komrækt og garðyrkju. Stutt en afar fróðleg erindi.

Rótaryklúbbur Rangæinga hefur starfað frá árinu 1966. Í klúbbnum starfa bæði konur og karlar, kappkostað er að fá fulltrúa frá sem flestum starfsgreinum til þess að taka þátt í rötarystarfinu. Starf Rótaryklúbba er gefandi, mannþætandi og þroskandi. Starfið tengir saman byggðalög og dregur úr hrepparig og pólitískum núningi. Fólki í m.m. atvinnugreinum kynnist og byggir



upp traust. Á Íslandi starfar 31 Rótaryklúbbur en félagar eru um 1300. Eitt af mikilvægustu verkefnum Rótary á heimsvísu er útrýming lömunarveiki 3 í heiminum. Þar hefur tekist afar vel til með Rótaryhreyfinguna í fararbroddi. Á hverjum fundi eru athyglisverðir stuttir fyrirlestrar um mál sem tengjast samfélaginu. Frú Vigdís Finnbogadóttir orðar þetta svo skemmtilega „Rótary er lifandi háskóli“, sem eru orð að sönnu. Fundir klúbbsins okkar eru haldnir á fimmtudögum kl. 18.15 – klúbburinn starfar yfir vetrartímann og í uppsiglingu

er fræðsluferð til Færeyja nú í vor. Í Rótaryklúbbi Rangæinga er lifandi starf og ber að þakka forsvarsmönnum Landgræðslunnar fyrir þessa góðu og gefandi samvinnu varðandi þetta málþing sem og önnur sem haldin hafa verið. Þetta er í sjöunda sinn sem Rótaryklúbbur Rangæinga og Landgræðslan efnir til málþings sem þessa. Það er öllum opið, við hvetjum sem flesta að taka þátt í málþinginu ekki síst bændur með baráttuhug framtíðarinnar í huga. Ísólfur Gylfi Pálmason, forseti Rótaryklúbbs Rangæinga.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Ingibjörg Haraldsdóttir, Laugardælum,



lést á hjúkrunarheimilinu Fosshheimum, laugardaginn 8. febrúar. Útför fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 20. febrúar, kl.13:00. Jarðsett verður frá Laugardælakirkju.

Sigríður Þórarinsdóttir
Haraldur Þórarinsson
Kristín Þórarinsdóttir
Ólafur Þór Þórarinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Óli Sverrir Sigurjónsson
Þórey Axelsdóttir
Garðar Sverrisson
Malin Widarson



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ólöf Sjöfn Gísladóttir, Dúdda, fv. skrifstofustjóri,



lést á hjúkrunarheimilinu Lundi, Hellu, þriðjudaginn 11. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 22. febrúar kl. 13.

Sigríður Síta Pétursdóttir
Unnur Pétursdóttir
Hjálmur Pétursson
Guðrún Pétursdóttir

Hilmar Þór Óskarsson
Halla Gunnarsdóttir

barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.



Japanskur dagur fyrir alla fjölskylduna í Listasafni Árnesinga

Listasafn Árnesinga heldur Láfram að bjóða börnum og fjölskyldum þeirra að eiga saman gæðastundir í safninu með þátttöku í viðburðum og listasmiðjum sem haldnar eru mánaðarlega síðasta sunnudag hvers mánaðar yfir veturinn. Á einn eða annan hátt tengist viðfangsefnið yfirstandandi sýningum og því bjóðum við upp á japanska fjölskyldudagskrá, sunnudaginn 23. febrúar, út frá japönsku ljósmyndasýningunni Tohoku.

Dagskráin hefst kl.13 með spjalli Gunnellu Þorgeirsdóttur um japanska menningu með áherslu á TOHOKU svæðið í Japan. Spjallið er aðlagð barnafjölskyldum. Að spjalli loknu kl. 14.00 hefst origami-

smíðja þar sem Kristín Þóra Guðbjartsdóttir aðstoðar gesti við nokkur einföld og skemmtileg origamibrot. Smíðjunni lýkur kl.16.00. Einnig verða Reiko og Tomoko frá Japanska sendiráðinu í safninu frá kl. 14-16 og skrifa nöfn gesta og þátttakenda með japanskri letur á pappírörk sem gestir fá síðan til eignar.

Börn og aðstandendur þeirra eru hvattir til þess að nýta þetta tækifæri, koma og fræðast um japanska menningu og samfélag og skapa síðan saman í listasmiðjunni. Allt efni er til staðar og þátttaka er ókeypis sem og aðgangur í safnið.

Nánari upplýsingar um sýninguna og dagskrá safnsins má sjá á heimasíðu þess og samfélagsmiðlum.

Áhugaverð kynning á hjálpstarfi í Burkina Faso

Sunnudagskvöldið 23. febrúar kl. 19:30 verður kynning á hjálpstarfi í Burkina Faso í húsnæði Hvítasunnukirkjunnar á Selfossi, Austurvegi 40.

ABC hjálpstarf hefur um árábil verið með uppbyggingu á hjálpstarfi í Burkina Faso en Hinrik Þorsteinsson og Guðný R. Jónasdóttir sem eru búsett á Selfossi hafa á eftirlaunaárum sínum tekið ríkan þátt í þeirri uppbyggingu. Hvítasunnukirkjan á Selfossi rekur Nytja-



markaðinn sem hefur m.a. styrkt hjálpstarfið í Burkina Faso. Á kynningarkvöldinu fáum við að heyra fréttir af starfinu. Kaffiveitingar í boði að kynningu lokinni.

Golfklúbbur Kíðjabergs óskar efir að ráða starfsmann í sumarvinnu

Ráðningartíminn er frá byrjun júní til seinni part ágúst. Verksvið starfsmannsins verður ýmis dagleg verkefni við rekstur golfklúbbsins. Starfið svarar til fullrar vinnu. Vinnuvikan er miðvikudag til sunnudags.


Æskilegt er að starfsmaður búi í nágrenni Kíðjabergs og ráði yfir ökutæki. Einnig væntum við þess að starfsmaður sé kurteis í umgengni og reglusamur.

Frekari upplýsingar veitir
Börkur s. 863 9039

Umsókir sendist til gkb@gkb.is.



Starfsmaður íþróttamiðstöðvar í Reykholti



Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir laust til umsóknar
100% framtíðarstarf við íþróttamiðstöðina í Reykholti.

Verkefni starfsmanns felast m.a. í:

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu og eftirliti með íþróttahúsi og þreksal.
- Eftirlit og gæsla með skólabörnum í kvennaklefa.
- Afgreiðsla – þjónusta við gesti.
- Almenn þrif.

Hæfniskröfur:

- Hafi þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og reynslu af því að umgangast börn og unglínga.
- Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa lokið námskeiði í skyndihjálpar og standast sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2020 en umsóknir og fyrirspurnir skulu berast til forstöðumanns á netfangið skuli@blaskogabyggd.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Aratungu, Reykholti, 801 Selfoss.



Ný stjórn Menntaskólans að Laugarvatni mynduð

Góðan daginn, kærur Sunnlendingar! Síðastliðnar vikur hafa verið fremur annasamar hér á Laugarvatni. Að kvöldi 29. janúar fóru nemendur valáfangans stjórnufraði ásamt Jóni Snæbjörnssyni, kennara áfangans, á Hótel Rangá en þar er besta stjórnskóðunaraðstaða landsins.

Dagana 28. janúar til 1. febrúar var framboðsvika þar sem þeir nemendur sem buðu sig fram í nemendafélagið reyndu að sannfæra samnemendur sína til þess að kjósa sig. Mánudaginn 3. febrúar

voru svo kosningar og um kvöldið var aðalfundur þar sem fráfandi stjórn var kvödd og ný stjórn kynnt til leiks. Nýr stjórn kynnt er Kristján Bjarni Russel Indriðason nemandi úr 2. bekk á náttúruvísindabraut. Strax daginn eftir skellti fráfandi stjórn sér til Amsterdam þar sem hún fagnaði vel unnum störfum.

Föstudaginn 7. febrúar var stjórnarskiptaball og gekk það með þrýði.

Umsjón: Jóna Guðlaug og Jónína Njarðardóttir.



Tónleikaröð Unnar Birnu og Bjössa Thor.



Unnur Birna Björnsdóttir og Björn Thoroddsen verða á ferð og flugi á næstunni, nánar tiltekið febrúar og mars. Þau munu byrja á Græna hattinum á Akureyri þann 21. febrúar, þaðan í Múllann, djazz klúbb í Hörpu 28., Skyggerðin í Hveragerði þann 29. febrúar. Í mars liggur fyrir að þau komi fram í Hljómahöllinni, Midgard Base Camp, Tryggvaskála, Blúshátíð Hornafjarðar, Grundarfirði og Vestmannaeyjum.

Þau munu þræða hina ýmsu stíla og leika hin ýmsu stílbrigði og ekki er hægt að segja fyrir víst hvert tónleikarir munu leiða okkur. Þó er víst að það verður blús, djazz, rokk, mögulega popp og að öllum líkindum smá Jethro Tull. Þeim til halds og traust verða þeir Skúli Gíslason og Sigurgeir Skafti Flosason. Miðar fást á tix.is, hlökkum til að sjá ykkur.



Forritari

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling til að vinna að forritun í nýjum hugbúnaðarverkefnum. Um er að ræða starf í upplýsingatækniteymi Matvælastofnunar, en teymið mótast stefnu í upplýsingatæknimálum og annast þróun hugbúnaðar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Nýsmíði á hugbúnaði um skráningar dýrasjúkdóma og lyfjanotkun
- Nýsmíði og þróun hugbúnaðar um opinbert eftirlit o.fl.
- Þátttakandi í þróunarteymi í verkefnum Matvælastofnunar
- Þátttakandi í að móta og þróa nýjar lausnir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla í notkun á SQL og uppbyggingu á gagnagrunnum
- Góð þekking á bakendaforritun
- Þekking á framendaforritun er æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð hæfni í teymisvinnu og mannlegum samskiptum
- Þekking af Agile/Scrum er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Starfsmaður mun starfa á aðalskrifstofu Matvælastofnunar á Selfossi. Um tímabundið starf til eins árs er að ræða með möguleika á framlengingu og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar veitir María Ragna Lúdvígsdóttir á netfanginu mrl.hja.mast.is eða í síma 530 4800. Umsóknarfrestur er til 2. mars nk. Sótt er um starfið á þjónustugátt MAST á vef stofnunarinnar og skal starfsferilskrá og kynningarbréf fylgja umsókn.

Stikla frá Tónlistarskóla Árneseinga



Nemendur Tónlistarskóla Árneseinga taka þátt í fjölmörgum viðburðum innan og utan skólans. Rekur hver viðburðurinn annan, en í þessari stuttu stiklu segir frá hápunktum janúar og febrúarmánaðar.

Þann 25. janúar sl. léku þrjú fiðlunemendur með Sinfóníu-hljómsveit tónlistarskólanna í Langholtskirkju. Þetta voru þau Hildur Tanja Karlsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Óttar

Pétursson. Sóttu þau 12 æfingar til Reykjavíkur í janúar, og þrátt fyrir köflótt veðurfar gekk æfingadagskráin upp. Að fá tækifæri til að taka þátt í stóru verkefni sem þessu (með um 80 öðrum flytjendum) er mjög eflandi og ómetanlegt fyrir nemendur. Á dagskrá voru þrjú verk. Pequene Czarda eftir Iturralde, Danzón nr. 2 eftir Márquez og þættir úr Carmensvítum I og II eftir Bizet.

Stjórnandi tónleikanna var Guðmundur Óli Gunnarsson.

Dagur tónlistarskólanna, 8. febrúar, var haldinn hátíðlegur um allt land. Í tilefni dagsins stóð Tónlistarskóli Árneseinga fyrir sjö svæðistónleikum um alla sýslu. Þrennir þeirra voru á Selfossi, en aðrir voru í Aratungu, Árnesei, Hveragerðiskirkju og Þorlákaskirkju. Dagurinn var afskaplega líflægur og skemmtilegur, enda komu fram um 250

nemendur á tónleikumum sjö, eða um helmingur nemenda skólans. Kennarar skiptu með sér verkum, um leið og þeir fylgdu nemendum á hverja tónleikana á fætur öðrum. Þema vetrarins er teiknimynda- og tölvuleikjatonlist og litaði það dagskránnar með fjölbreytni og skemmtilegheitum. Kennarar og stjórnendur voru mjög ánægðir í lok þessa langa dags og stoltir af nemendum.

Framundan er fjöldi viðburða s.s. metnaðarfullir mið- og framhaldsdeildartónleikar og þátttaka í 10 ára afmæli Nótunnar, uppskeruhátíðar tónlistarskólanna, í Hörpu. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni okkar www.tonar.is og allir hjartanlega velkomnir á tónleika skólans.

Helga Sighvatsdóttir,
skólastjóri.

Umhverfisvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfisvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfisvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



5 600 600 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Limmiðar



Bréfpokar



Prentsmiðja
1041 0888

Félagsvist

eldri borgara í Grænumörk 5 á Selfossi, er á þriðjudögum kl. 13:00 - 15:00. Þátttökugjald er 200 kr.



Umsjónarmenn



Rauði kross Íslands Árnesingadeild

Aðalfundur Árnesingadeildar Rauða kross Íslands verður haldinn að Eyravegi 23 á Selfossi, miðvikudaginn 4. mars, kl. 19.30.

Gestur fundar verður Fjóla Einarsdóttir Svæðisfulltrúi Rauða krossins á Suðurlandi og heldur hún erindi um neyðarvarnir.

Venjuleg aðalfundarstörf

Kaffiveitingar

Félagar og sjálfboðaliðar deildarinnar eru hvattir til að mæta.

Nýir félagar eru velkomnir á fundinn

Stjórnin



Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar 2020

Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju mánudaginn 2. mars kl. 20.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.

Dagskrá fundarinnar er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning sóknarnefndarmanna og jafnmargra varamanna til 4ra ára.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
7. Önnur mál.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is

Lögbrot í Ráðhúsinu?

Á fundi bæjarstjórnar Árborgar 19. febrúar munu bæjarfulltrúar D-lista leggja fram tillögu um að fenginn verði óháður úttektaraðili til að fara yfir embættisfærslur í tengslum við breytingar á Ráðhúsi Árborgar.

Óskað verður eftir því að metið verði hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum sveitarstjórnarlaga, þar á meðal ákvæðum um fjárstjórnarvald, valdmörk bæjarráðs og bæjarstjóra og ákvæðum um bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun. Á mannamáli merkir þetta að kannað verði hvort bæjarstjóri, eða hver sá sem tók ákvarðanir í málinu, hafi farið eftir þeim heimildum sem viðkomandi hafði til að skuldbinda sveitarfélagið, hvort ákvörðun um að ráðast í umrætt verkefni hafi verið tekin í samræmi við lög og hvort fjármunum sveitarfélagsins (almannafé) hafi verið ráðstafað með lög-mætum hætti.

Óskað verður eftir að kannað verði hvort farið hafi verið eftir samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar, sem felur í sér nánari útfærslu á ýmsum ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Meðal annars verði farið yfir

það í hvaða tilvikum aðrir en bæjarráð eða bæjarstjórn hafa heimild til að taka svokallaða fullnaðarákvörðun varðandi fjármál sveitarfélagsins og hvort farið hafi verið eftir þeim reglum.

Hvað er það sem bendir til þess að ekki hafi verið farið að þessum lögum? Jú, af óundirrituðum gögnum sem lögð voru fram á síðasta bæjarráðsfundi, og ætla má að stafi frá bæjarstjóra, má ráða að ekki var aflað samþykkis neinnar nefndar innan sveitarfélagsins, bæjarráðs eða bæjarstjórnar, til að ráðast í verkefnið. Því síður var aflað fjárheimildar við upphaf verks.

Óskað verður eftir að metið verði hvort farið hafi verið að ákvæðum laga um opinber innkaup og innkaupareglum sveitarfélagsins. Lögin og reglurnar geyma m.a. ákvæði um það í hvaða tilvikum skylt er að bjóða út kaup á vörum og þjónustu.

Hvað er það sem bendir til þess að ekki hafi verið farið að þessum reglum? Jú, í áður tilvitnuðum gögnum er gerð grein fyrir hluta þess kostnaðar sem er áfallinn og áætlaður. Fjárhæðirnar sem um ræðir nema að lágmarki 100 milljónum króna

og má ætla að kaup á arkitektáþjónustu og vinnu verktaka hafi verið útboðsskyld.

Óskað verður eftir að skoðað verði hvort bæjarráð hafi uppfyllt lögbundnar skyldur sínar. Bæjarráð fer með mikilvægt hlutverk hvað varðar framkvæmdastjórn og fjármála-stjórn sveitarfélagsins og ber því að hafa eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármála-stjórn þess.

Hvað er það sem bendir til þess að bæjarráð hafi vanrækt skyldur sínar? Bæjarfulltrúar D-lista hafa í tvisgang lagt fram fyrirspurnir um breytingar á húsakosti Ráðhúss og bókasafns. Svörin við fyrri fyrirspurninni má í besta falli flokka sem útrúninga. Svörin við síðari fyrirspurninni innihalda hálf sannleik og afhjúpa það sem virðast vera alvarleg brot gegn lögum og reglum. Fulltrúar meirihlutans bera ábyrgð á því að svör sem þeir leggja fram í bæjarráði séu efnislega rétt og að ekkert sé dregið undan. Það er grafalvarlegt að halda upp-lýsingum með þessum hætti frá bæjarfulltrúum D-lista og reyna þannig að koma í veg fyrir að þeir sinni eftirlitsskyldu sinni.

Bæjarfulltrúar D-lista

Fyrsta skóflustungan í Kambalandi í Hveragerði

Fyrsta skóflustungan í Kambalandi var tekin að einbýlishúsi við Búðahraun fyrir skömmu og markar hún upphaf nýs 1500 manna hverfi sem mun byggjast þar upp á komandi árum.

Hugmyndina um uppbyggingu íbúðabyggðar í Kambalandi átti athafnamaðurinn Magnús Jónatansson sem keypti upp sumarþústaðalóðir sem voru á svæðinu og gerði í framhaldinu samning við Hveragerðisbæ um þjónustu samhliða uppbyggingu á Kambalandi. Árið 2019 eignaðist Hveragerðisbær lóðirnar, breytti deiliskipulagi á svæðinu og hófust framkvæmdir við fyrstu áfanga í gatnagerð það sama ár.

Skipulag Kambalands hefur tekið miklum breytingum frá fyrstu drögum og er nú gert ráð fyrir 365 íbúðum á 30,4 ha svæði. Íbúðasvæðin verða vel afmörkuð og verður þar gott útivistarsvæði og lóðir fyrir leik- og/eða grunnskóla, verslanir og aðra þjónustustarfsemi.

Staðsetning Kambalands, ofar annarri byggð í Hveragerði, gerir það að verkum að þaðan er afar fallegt útsýni og stutt í fallegar göngu- og reiðleiðir.

Fyrsta úthlutun lóða fór fram í október síðastliðnum og var þá lóðum undir 52 íbúðir úthlutað. Í dag eru 3 lóðir lausar fyrir einbýlishús og má sjá staðsetningu lóðanna á kortagrunni Hveragerðisbæjar.

Fram kemur hjá Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra Hveragerðisbæjar að á næstu vikum verði auglýst útboð á næstu áföngum gatnagerðar og vonast er til að næsta úthlutun lóða muni geta átt sér stað í sumar. Í þeim áfanga verða 39 íbúðir, 10 einbýlishúsaloðir við Drekahraun, og við Langa-hraun verður úthlutað lóðum undir 3 þriggja íbúða ráðhús og 4 fimm íbúða fjölbýlishús.

„Það er ljóst að með upphafi framkvæmda í



Á myndinni má sjá Þröst Helgason taka fyrstu skóflustunguna í Kambalandi með börnunum hans, Hrannari Ara, Hrafni Helga, Guðrúnu Ragnhildi og Arneyju Björk. Mynd: Aðsend.

Kambalandi er hafinn nýr áfangi í uppbyggingu í Hveragerði. Íbúum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum og ljóst að fjölmargir hafa áhuga á búsetu í bæjarfélaginu. Í Hveragerði sam-einast nálægðin við höfuðborgarsvæðið, gæði landsbyggðarinnar, einstakt fallegt umhverfi og mjög góð þjónusta við íbúa. Slíkt er eftirsóknar-vert,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.



Myndin var tekin á viðburði Bókabæjanna í Tryggvaskála 2019. Mynd: GPP

Tölum um ástina og afhendum Sparibollann

Hið árlega málþing Bókabæjanna fer fram í Tryggvaskála 27. febrúar kl. 20. Að þessu sinni er þemað engu minna en sjálf ástin.

„Við ætlum að skoða ástina frá ýmsum hliðum, í bókmenntum og tónlist“, segir Harpa Rún, formaður Bókabæjanna. Að vanda er fræðum og fyrirlestrum blandað við léttari skemmtun og miklu er tjaldað til í ár.

Ástin rædd við hundinn

„Fyrirlestrarnir hafa sjaldan verið eins fjölbreyttir. Jón Özur okkar hefur verið að ræða ástina í bókmenntum við hundinn sinn á kvöldgöngum og ætlar að segja okkur frá því. Svo kemur hún Rósa Vestfjörð sem rekur Ásútgáfuna, sem við þekkjum flest sem Rauðu ástarsöguútgáfuna og segir okkur frá því merkilega starfi. Síðan mun Hildur Ýr Ísberg íslenskukennari segja okkur aðeins frá ástinni í unglingsbókum, þar sem hún er kannski allra best?“ segir Harpa Rún sem er afar spennt fyrir kvöldinu.

Ferðalok, Djöflaeyja og ljúfir tónar

Heldri borgarar á Selfossi hafa tekið virkan þátt í starfi Bókabæjanna frá upphafi og munu nú stíga á stökk og flytja okkur ástarjåtningu allra tíma, kvæðið „Ferðalok“ eftir Jónas Hallgrímsson. Þá mun tónlistarkonan Myrra Rós ramma dagskrána inn. Einnig sýnir Leikfélag Selfoss brot úr „Djöflaeyjunni“, sem frumsýnd verður þann 6. mars. „Ég er mögulega spenntust fyrir því, þetta er eitt af mínum uppáhalds verkum og ég hlakka mikið til að sjá hvaða tókum það verður tekið á Selfossi“, segir Harpa Rún og brosir.

Ný bókmenntaverðlaun afhent í fyrsta skipti

Hápunktur málþingsins verður þó afhending Sparibollans, ný-

stofnaðra íslenskra bókmenntaverðlauna, sem veitt verða nú í fyrsta skipti. Mögulega eru þau hugarfóstur Hörpu Rúnar sem fékk þessa hugmynd í flóðinu.

„Okkur langaði að verðlauna falletustu ástarlýsinguna, til ofurlitis mótvægis við alla glæpina og ljótleikann í bókmenntum, og í rauninni bara heiminum. Ég fékk þau Eyrúnu Lóu Eiríksdóttur og Sverri Norland með mér í lið og get hér með vitnað um að það tekur um það bil sólarhring að stofna bókmenntaverðlaun.“

Hægt er að senda inn tilnefningar um bestu lýsinguna fram til 22. febrúar nk. og hefur ekki staðið á lesendum að senda inn hugmyndir. „Við erum bara með árið 2019 undir, annað væri ógjörningur, en það er ljóst að mikið er af falletum ástarjåtningum“, segir Harpa Rún og hvetur fólk um leið til þess að senda inn hugmyndir.

Verðlaunin eru ekki af verri endanum, rósóttur sparibolli á fæti. Það þarf ekki að spyrja hver vísunin sé – skál fyrir Guðrúnu frá Lundi.

Mætið meðan húsrúm leyfir

„Það er kannski klisjukennt að segja það, en mætið snemma, því það fyllist alltaf og við getum ekki endalaust bætt við sætum“, segir Harpa Rún, en húsið opnar kl. 19:30. Þau Jón Özur hyggjast reyna að stjórna dagskránni, „en það fer gjarnan úr böndunum eins og verða vill þegar fólk skemmtir sér... og þegar ástin tekur völd!“ segir hún að lokum.

Frítt er inn á málþingið, kaffi og með því í boði Bókabæjanna en eins er barinn opin fyrir þau sem vilja. Bókabæirnir vilja benda áhugasömum á Bókakaffi í Gerðubergi kvöldið áður, þar sem þær Ingunn Snædal og Þóra Hjörleifsdóttir ræða ástina við Guðrúnu Baldvinsdóttur bókmenntafræðing. Kjörin upphitun fyrir ástina á Selfossi.

Fréttir frá Tónlistarskóla Rangæinga

Nú á dögnum er verið að vinna verkefni tengt söngleiknum Vesalingunum eða Les Misérables á frummálinu. Það eru eldri nemendur úr samsöngshópi Tónlistarskóla Rangæinga undir stjórn Aðalheiðar Margrétar Gunnarsdóttur söngkennara. Skemmtileg vinna hefur verið og fengum við Þór Breiðfjörð, sem söng aðalhlutverk söngleiksins er Þjóðleikhúsið setti upp árið 2012, í heimsókn til aðstoðar við túlkun á sviði. Friðrik Erlingsson leikstjóri setti saman leiðandi texta með lögnum sem sögumaðurinn Pétur Halldórsson mun lesa. Guðjón Halldór Óskarsson sér um meðleik. Sýningar verða á

konudaginn, sunnudaginn 23. febrúar í Hvolnum, félagsheimilinu á Hvolsvelli. Fyrri sýning er kl. 15.00 og sú síðari kl. 17.00. Aðgangseyri er stillt í hóf og

verður nýttur til uppbyggingar söngdeildarinnar. Frítt er fyrir nemendur og starfsfólk tónlistarskólans. Allir velkomnir!



日本 Japanskur dagur fyrir alla fjölskylduna

Sunnudaginn 23. febrúar

í Listasafni Árnesinga



Dagskráin hefst kl. 13 með spjalli Gunnellu Þorgeirsdóttur um japanska menningu með áherslu á TOHOKU svæðið í Japan en samnefnd ljósmyndasýning stendur yfir á safninu. Spjallið er aðlagð barnafjölskyldum.



Origamismiðja hefst kl. 14 þar sem kennð verða nokkur einföld og skemmtileg origamibrot. Smíðjunni lýkur kl. 16

Allt efni á staðnum og þátttaka ókeypis!

Japönsk kalligrafía

Reiko og Tomoko frá Japanska sendiráðinu skrifa nöfn þátttakenda með japanskri letrun frá kl. 14-16



LISTASAFNI
ÁRNESINGA

Austurmörk 21
810 Hveragerði
sími 483 1727
listasafnarnesinga.is

Embassy of
Japan
in Iceland

JAPAN FOUNDATION



Hotel
ELD·HESTAR

ÞÝSKT
Hlaðborð

28 FEBRÚAR 2020 KL: 19:00

Matseðill

- BREZELN
- OBAZDA KRAUTSALAT
- ROULADEN
- LEBERKNÖDELSUPPE
- WIENER SCHNITZEL
- CORDON BLEU
- OCHSENBACKEN
- SAUERKRAUT
- KARTOFFELN
- KARTOFFELKNÖDEL
- GRILLHAXE
- TOPFEN
- SERVIETTENKNÖDEL
- SEMMELKNÖDEL
- SPÄTZLE
- BAYRISCH CRÈME
- APFELSTRUDEL
- APFELKUECHERL

Hlaðborð og gisting: 12.500 kr. á mann
Hlaðborð: 5.900 kr. á mann

Borðapantarnir: sími 480-4800 | info@eldhestar.is

Íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

Öruggur sigur Selfyssinga í Hleðsluhöllinni



Haukur markahæstur með 11 mörk. Mynd: JÆ

Meistaraflokkur karla lagði Aftureldingu örugglega með átta mörkum í Hleðsluhöllinni á mánudagskvöldið, 35-27. Leikurinn byrjaði nokkuð jafnt og var staðan 3-3 eftir sjö mínútna leik. Selfoss tók svo fljótlega frumkvæðið í leiknum og var komið þremur mörkum yfir, 7-4 eftir 12 mínútur. Þeir

juku forskotið í fimm mörk og hálfleikstölur voru 19-14. Selfyssingar slepptu aldrei tókunum á leiknum og var munurinn fjögur til sex mörk mestallan seinni hálfleikinn. Strákarnir sigldu síðan í höfn glæsilegum átta marka sigri, 35-27. Haukur Þrastarson var markahæstur með 11 mörk, Magnús Öder skoraði

6 mörk og þeir Einar Sverrisson og Alexander Egan voru með 5 mörk hvor. Atli Ævar skoraði 4 mörk, Ísak Gústafsson skoraði 2 og þeir Hannes Höskuldsson og Daníel Karl með sitt markið hvor. Alexander Hrafnkelsson varði 14 skot í marki Selfoss (36%). Selfoss er því í 4. sæti deildarinnar með 23 stig en aðeins munar þremur stigum á liðunum í 1. -7. sæti deildarinnar. Næsti leikur strákanna er eftir viku, gegn Stjörnunni í Garðabænum, þar sem strákarnir eiga harma að hefna.

Fyrir leik var liðið útnefnt Sunnlendingur ársins 2019 af lesendum Sunnlenska.is. Guðmundur Karl ritstjóri Sunnlenska.is afhenti fyrirliða liðsins, Hergeiri Grímssyni viðurkenningu og blómvönd í tilefni þess. Þess má geta að liðið fékk yfirburðakosningu í valinu.

Átta marka sigur hjá stelpunum

HANDBOLTI Selfoss sigraði HK U örugglega, 30-22, þegar liðin mættust í Hleðsluhöllinni í Grill 66 deild kvenna á sunnudag.

Selfoss byrjaði leikinn illa og komust HK-stelpur tveimur mörkum yfir. Það tók liðin nokkrar mínútur að finna taktinn, en nokkuð var um mistök í upphafi. Stelpurnar fínstilltu sinn leik, tóku fljótt yfirhöndina og leiddu í hálfleik með þremur mörkum, 13-10.

Heimastelpur spiluðu áfram góða vörn í seinni hálfleik og áttu gestirnir í töluverðum vandræðum í uppstilltum sóknarleik, en þær skorðu mörg sinna marka úr hraðauppflaupum. Selfyssingar juku forskotið og að lokum tryggðu þær átta marka sigur.

Mörk Selfoss: Katla María Magnúsdóttir 12, Hulda Dís Þrastardóttir 6, Rakel Guðjónsdóttir 5, Katla Björg Ómarsdóttir



Katla María fór mikinn í leik Selfyssinga og skoraði tólf mörk í leiknum Ljósmynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl

ir 2, Sólveig Erla Oddsdóttir 2/1, Agnes Sigurðardóttir, Elinborg Katla Þorbjörnsdóttir og Þuríður Ósk Ingimarsdóttir 1. Varin skot: Henriette Östergard 15 (40%).

Selfoss situr áfram í þriðja sæti deildarinnar með 26 stig, þremur stigum á eftir FH. Næsti leikur stúlkanna er gegn ÍBV U í Eyjum næstkomandi sunnudag. -áþg

Landsbankinn stoltur stuðningsaðili handboltans

HANDBOLTI Landsbankinn og handknattleiksdeild Umf. Selfoss hafa endurnýjað samstarfssamning sinn. Um langt skeið hefur Landsbankinn verið einn af aðalstyrktaraðilum deildarinnar og er afar stoltur af því samstarfi, sem og árangri deildarinnar. Samstarfið styður vel við markmið bankans að efla íþrótt- og æskulýðsstarf á svæðinu. Handknattleiksdeildin er afar þakklát fyrir þetta farsæla samstarf og bindur miklar vonir við áframhaldandi farsælt samstarf. -esó



Fyrir eru Helga Guðmundsdóttir og Nína Guðbjörg Pálsdóttir frá Landsbankanum á Selfossi og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson og Einar Sindri Ólafsson frá handknattleiksdeildinni. Að baki þeim eru leikmenn úr kvenna- og karlalíðum Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Áslaug Dóra fyrirliði U17

KNATTSPYRNA Selfyssingurinn Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir ferðaðist í síðustu viku með U17 ára liði Íslands til Írlands hvar liðið lék tvo vináttuleiki við heimastúlkur.

Áslaug Dóra skoraði mark Íslands í seinni leik liðanna sem fór fram á sunnudag, lokatölur urðu 1-1. Írland komst yfir í fyrri hálfleik en Áslaug Dóra jafnaði fyrir Ísland eftir tíu mínútna leik í seinni hálfleik. Fyrri leikur liðanna fór fram á föstudag og lauk honum einnig með jafntefli, 2-2.

Áslaug Dóra bar fyrirliðabandið í leikjunum tveimur og stóð sig vel, var sér og sínu félagi til mikils sóma.



Áslaug Dóra var fyrirliði Íslands. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Hildur Grímsdóttir

Tiffany McCarty í Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnu-deild Selfoss hefur samið við bandaríska leikmanninn Tiffany McCarty og mun hún leika með kvennaliði félagsins í sumar.

McCarty er 29 ára framherji sem hefur stærstan hluta ferilsins leikið í bandarísku atvinnumannadeildinni, með Washington Spirit, Houston Dash og FC Kansas City. Þá hefur hún einnig leikið með Albirex Ladies í japönsku úrvalsdeildinni og Medkila IL í efstu deild í Noregi.

McCarty á að baki landsleiki með yngri landsliðum Bandaríkjanna, U17, U18 og U20 og síðast með U23 ára

liðinu árið 2013. Í háskólaboltanum lék McCarty með sterku liði Florida State og á ennþá markamet skólans þar sem hún skoraði 63 mörk í 98 leikjum.



„Ég er ótrúlega lúkkulegur með að við höfum landað þessum leikmanni. Við erum búin að vera að leita að framherja og ég held að við

seum að veðja á réttan hest núna, að fá leikmann með reynslu. Þetta er mjög spennandi leikmaður sem kann leikinn og ég held að hún muni passa vel inn í íslensku deildina enda lítur hún út fyrir að vera kraftmikil og dugleg.“

segir Alfréd Elias Jóhannsson, þjálfari Selfoss.

Níu sigrar í röð hjá 4. flokki

HANDBOLTI Strákarnir í 4. flokki unnu sinn níunda sigur í röð á sunnudaginn þegar þeir báru sigrorð af Fjölni 34-24 í Hleðsluhöllinni. Strákarnir hafa ekki tapað leik síðan í lok október og eru m.a. komnir í undanúrslit í bikarkeppninni. Gabriel Ágústsson (Ketilsonar frá Brúnarstöðum) átti sannkallaðan stórleik og skoraði hvorki meira né minna en 17 mörk í leiknum eða helming marka liðsins.



Gabriel Ágústsson.

Aðalfundur í júdó og sundi

UMF. SELF OSS Þessa dagana fara fram aðalfundur deilda Umf. Selfoss og verður aðalfundur júdódeildar haldinn í Tíbrá á morgun, fimmtudaginn 20. febrúar klukkan 20:30 og aðalfundur sunddeildar á sama stað mánudaginn 24. febrúar kl. 18:30.



Rúmlega 50 keppendur á Grunnskólamóti í glímu

GLÍMA Grunnskólamót HSK í glímu fór fram þriðjudaginn 11. febrúar í íþróttahúsinu í Reykholti Bláskógabyggð. Keppni hófst kl. 11:00 og til leiks mættu 51 þátttakandi frá fimm grunnskólum á sambandsvæði HSK. Glímt var á tveimur dýnulögð-

um völlum samtímis og skein bæði kapp og gleði af kraftmiklum keppendahópnum. Dómarar og annað starfsfólk mótsins kom úr röðum HSK.

Flóaskóli vann flesta titla eða sex talsins, Hvolsskóli vann fjóra, Bláskógaskóli tvo

og Grunnskólinn á Hellu einn. Í stigakeppni milli skóla sigraði Hvolsskóla þrjú flokka af fjórum en í flokki stelpna í 5.-7. bekk hömpuðu stúlkurnar í Flóaskóla stigabikarum.

Heildarúrslit og fleiri úrslit má sjá á www.hsk.is.



Blandað lið Selfoss með gull á GK-mótinu

FIMLEIKAR GK-mótið í hópfimleikum fór fram á Selfossi á laugardag fyrir fullu húsi áhorfenda. Á mótinu var keppt í meistaraflokki A og 1. flokki A. Í meistaraflokki kvenna voru þrjú lið skráð til leiks, tvö lið kepptu í 1. flokki blandaðra liða og í 1. flokki stúlkna voru fimm lið.

Mótið var fyrra úrtökumótið fyrir Norðurlandamót unglunga sem fram fer í Danmörku 18. apríl nk. en tvö mót telja til stiga og fer það seinna fram helgina 6.-8. mars. Ísland mun senda tvö stigahæstu liðin í báðum 1. flokkunum á Norðurlandamótið.

Í meistaraflokki kvenna sigraði lið Stjörnunna með 57,000 stig. Í öðru sæti lenti Gerpla með 52,950 stig og ÍA í því þriðja með 41,250 stig.

Í keppni blandaðra liða í 1. flokki sigraði lið Selfoss með 40,250 stig og Stjarnan varð í öðru sæti með 38,200 stig.



Í 1. flokki stúlkna keppast fimm lið um farmiðana tvo á Norðurlandamótið. Lið Gerpla kom sá og sigraði. Þær hlutu 53,900 stig. Lið Stjörnunna hafnaði í öðru sæti með 48,700 stig og í þriðja sæti aðeins 0,2 stigum lægri lenti Fjölirnir með 48,500 stig. Selfoss hafnaði í fjórða sæti og lið Aftureldingar/Gróttu í því fimmta.

Stúkan í Vallaskóla var þétt setin á laugardaginn og var stemningin gífurleg. Það var boðið upp á andlitsmálningu fyrir mót og yngri iðkendur deildarinnar voru búnir að fönndra skilti. Það var frábært að sjá hve margir komu að styðja við bakið á hópnum okkar. Takk fyrir stuðninginn. -sól

Lífshlaupið 2020 er í fullum gangi

Lífshlaupið 2020 er í fullum gangi og mikil og skemmtileg keppni í gangi um allt land milli skóla og vinnustaða og liða innan þeirra. Enn er hægt að skrá sig til leiks, hvort sem það er í vinnustaðakeppnina eða skóla-keppnirnar.

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra landsmanna. Markmið þess er að hvetja landsmenn til þess að fara eftir ráðleggingum Embættis landlæknis

um hreyfingu hvort sem er í frítíma, vinnu, skóla eða við val á ferðamáta. Í ráðleggingunum segir að börn og unglingar ættu að hreyfa sig í minnst 60 mínútur daglega og fullorðnir ættu að stunda miðlungs erfiða hreyfingu í minnst 30 mínútur daglega.

Grunnskóla- og framhaldsskólakeppnin fer fram frá 5. febrúar – 18. febrúar. **Vinnustaðakeppnin** fer fram frá 5. febrúar – 25. febrúar fyrir 16 ára og eldri. Það er ekki of seint að skrá sig til leiks og hægt að skrá

hreyfinguna sína frá upphafi, 5. febrúar.

Minnt er á skráningarleikinn en í honum er til mikils að vinna. Vinningshafar eru dregnir út á hverjum virkum degi í þættinum Morgunverkin á Rás 2 frá 5. febrúar til 25. febrúar.

Þátttakendur eru hvattir til að deila með okkur reynslu sinni úr Lífshlaupinu. Sendið skemmtilegar sögur, myndir eða myndbönd í tengslum við þátttöku ykkar í Lífshlaupinu á <https://www.lifshlaupid.is/sendu-okkur/>

DFS TV

DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinnar.

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.



EFLA

Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið: **GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI - STÆKKUN ÁFANGI 2.**

Verklök eru 15. júlí 2021.

Verkið felst í byggingu viðbyggingar við Grunnskólann í Hveragerði. Viðbyggingin verður staðsett norður af núverandi skóla við Skólamörk 6, 810 Hveragerði. Byggingin er staðsteypt á tveimur hæðum, um 740m² brúttó stærð gólfplatnar.

Verkið felst í jarðvinnu, uppsteypu byggingarinnar og fullnaðarfrágangi að utan og innan ásamt lóðafrágangi.

Verkkaupi mun á verk tíma leggja áherslu á vandaða umgengni um framkvæmdasvæðið.

Helstu magntölur eru:

• Uppgrafið efni	500 m ³
• Mótasmíði	2400 m ²
• Steinsteypa	400 m ³
• Bendistál	45000 kg
• Utanhúss klæðning	530 m ²
• Pakfrágangur	420 m ²
• Málun innanhúss	870 m ²
• Dúklögð gólf	650 m ²
• Frárennslislagnir	400 m
• Hitalagnir	1200 m
• Vatnsúðakerfi	220 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 17. febrúar 2020. Senda skal beiðni um útboðsgögn á netfangið kari.gunnarsson@efla.is og gefa upp nafn bjóðanda, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 14:00, miðvikudaginn 11. mars 2020 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Byggingafulltrúinn í Hveragerði



HVERAGERÐISBÆR

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Öpinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands**
Miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
HEKLA® Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ATVINNA

Vanur smiður getur bætt við sig
verkefnum, parketlög, inn-
réttingar og önnur smærri verk-
efni. Sími 835 8855.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is


KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

**STEYPUSÖGUN - KJARNA-
BORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM**

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spegla og fleira.
Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

KIRKJUR

Selfoskirkja
Messa sunnudaginn 23. feb. kl.
11 í Selfoskirkju.

Kyrrðarstundir í Selfoskirkju.
Á föstunni fyrir páska verður
boðið upp á kyrrðarstundir í
Selfoskirkju. Þetta eru stundir
þar sem falleg tónlist, innihalds-
ríkt orð, slökun og kyrrð fara
saman. Stundirnar verða á mið-
vikudögum kl. 17:30 fram að
páskum og eru um hálf tíma
langar. Fyrsta stundin verður á
öskudegi, miðvikudag 26. febrú-
ar.

Eyrarbakakirkja

Messa sunnudaginn 23. febrúar
kl. 11:00. Sr. Arnaldur Bárðarson
þjónar. Kór kirkjunnar leiðir
söng. Organisti Haukur Arnar
Gíslason.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag kl. 11.00. Kór
Breiðholtskirkju syngur.
Sr. Egill Hallgrímsson annast
prestþjónustuna. Organisti er
Jón Bjarnason.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa sunnudaginn 23. febrúar
kl. 14:00. Sr. Arnaldur Bárðarson
þjónar. Kór kirkjunnar leiðir
söng. Organisti Haukur Arnar
Gíslason.

Sólheimakirkja

23. febrúar klukkan 14:00.
Skátamessa, Konudagur.
Prestur Kristján Valur Ingólfsson,
Organisti Ester Ólafsdóttir.
Guðmundur Pálsson stofnandi
skátafélags Sólheima hefur hug-
leiðingu. Skátakórinn tekur lagið.
Sólheimaskátar afhenda blóm í
lok messu.

Hrunakirkja

Guðsþjónusta kl. 11. Andi
föstunnar svifur yfir í tali og
tónum. Kirkjukórinn syngur undir
stjórn Stefáns Þorleifssonar org-
anista. Allir velkomnir.

Stóra-Núpskirkja

Brynjúlfsmessa kl. 14.
Fræðimannsins og skáldsins
Brynjúlf Jónssonar frá Minna-
Núpi minnst í tali og tónum.
Kirkjukórinn syngur undir stjórn
Þorbjargar Jóhannsdóttur org-
anista. Kaffisamsæti á eftir í
Ánesi. Allir velkomnir.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma,
sunnudagaskóli og kaffi-
veitingar. English translation
available. www.selfosgospel.is.

Kirkjuskólinn í
Víkurstakalli

Munið samveru kirkjuskólans
næsta sunnudag, kl. 11:15 í
Víkurskóla.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 22. febrúar.
Bíbliurannsókn kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12, í umsjón
Þóru Jónsdóttur og Manfred
Lemke. Verið velkominn.

Mosfellskirkja Grímsnesi

Öskudagsmessa, miðvikudags-
kvöld 26. febrúar kl. 20.30.
Sr. Egill Hallgrímsson, sóknar-
prestur og sr. Kristján Valur
Ingólfsson, biskup annast
prestþjónustuna.

FUNDIR

Athugið!!!
**Nýr og breyttur tími
á vöflukaffinu!**

Sautjándi vöflukaffi vetrar-
ar verður haldið næsta
föstudag 21. feb. á Eyravegi
15 annari hæð milli klukkan
17 og 19. Gestur okkar er
Jóhann Valgeir Helgason,
formaður Björgunarfélags
Árborgar. Hann hefur örugg-
lega frá mörgu að segja. Allir
velkomnir.



Hádegisfundur

Hádegisverðar-
fundur verður haldinn í sal
Tryggvaskála laugardaginn
22. febrúar nk. klukkan 11:30.
Gestur fundarins verður Jón
Gunnarsson alþingismaður og
ritari Sjálfstæðisflokksins.
Súpa fyrir fundargesti gegn
vægu gjaldi. Allir velkomnir.
Sjálfstæðisfélagið Óðinn

Hjásögull, lintalaður og dapur-
eygður maður í gestastofu
þjóðgarðsins á Þingvöllum

Eftirlýstir Íslendingar á 17.
og 18. öld er sýning sem sett
hefur verið upp í sýningarhluta
gestastofu þjóðgarðsins á Þing-
völlum á Hakinu. Sýningin er
samvinnuverkefni Myndlistar-
skólans í Reykjavík og Daniels
G. Danielssonar sagnfræðings
og er nú komin til Þingvalla.

Unnið var með lýsingar á
sakamönnum sem finna má í
Alþingisbókum Íslands (Acta
comitorum generalium Is-
landiæ) en þar má finna um 200
lýsingar á eftirlýstum Íslending-
um. Sakagiftir voru margvis-
legar, allt frá þjófnadi yfir í
morð, en litrík og lýsandi orða-
notkun var notuð svo hægt væri
að bera kennsl á viðkomandi.

Þarna eru orð eins og hjá-
sögull, kararómagi, lintalaður,
dapureygður, blóðfögur, höku-
smár og mörg fleiri sem lýsa
útliti og atferli viðkomandi
einstaklings. Tiltekin eru atriði
um lesti, eins og tóbaksnotkun
eða drykkju, og kosti eins og
hvort viðkomandi sé hagar á járn
eða tré. Talandi fólks er dreginn
fram og mögulegur lærdómur
eins og lestur eða skrift. Um leið
og lýsingarnar eru skoðaðar má
velta fyrir sér hvort þær gæti
hlutleysis eða hvort skoðanir
þess sem lýsinguna lagði fram
endurspeglar í neikvæðri eða
jákvæðri mynd af viðkomandi.

Lýsingar á burtstrokkum
Íslendingum voru lesnar eða
sagðar upp bæði í héraðsþing-
um og ekki síst á Þingvöllum.
Sjá má fyrir sér sýslumenn á
fögnum eða vætusömum sum-
ardeggi í byrjun júlí að kalla upp

Endurmenntun.lbhi
Námskeið fyrir þig!
Tálgun
ferskar viðarnytjar
28.-29. febrúar hjá
Lbhi á Reykjum í Ólfusi

endurmenntun.lbhi.is
endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í
auglýsingapakka í
blaðið og á vefinn!

Hafðu samband
Sími 482 1944
dfs@dfs.is



Álagningarhlutfall fasteigna í Ölfusi hefur lækkað tvö ár í röð



Mynd: Baldvin Agnar Hrafnsson.

Ölfusi hefur álagning gjalda verið að lækka seinustu ár. Þannig hefur álagningarhlutfallið lækkað úr 0,36% fyrir árið 2018 niður í 0,34% árið 2020. Á sama tíma hefur holræsagjald verið lækkað úr 0,25% niður í 0,20 og vatnsskattur úr 0,12 niður í 0,10%. Fasteignagjöld samanstanda af samtölu fasteignaskatts, lóðarleigu, sorphirðugjalds og gjalds vegna endurvinnslustöðva. Fasteignaskattur vegur þar mest.

Að margra mati eru fasteignagjöld ekki sanngjarn skattur. Þau eru lögð á fasteignir á forsendum fasteignamats sem byggt er á áætluðu söluverðmæti eignar-

innar miðað við þær eignir sem selst hafa á viðkomandi svæði. Þar með situr fólk uppi með að borga hærri gjöld af eign sinni ef nágrannarnir selja vel. Notkunargildið er hins vegar óbreytt og eigendur hafa eingöngu þann möguleika að borga hærri gjöld.

Vega upp hækkað mat með lægri álagningu

Elliði Vignisson bæjarstjóri segir að þessar lækkanir séu til marks um vilja bæjarfulltrúa til að halda gjöldum svo lágum sem mögulegt er. „Þótt vissulega sé það afar jákvætt hvað fasteignir hér í Ölfusi, og þá sérstaklega í

Þorlákshöfn, hafa verið að hækka í verði þá á sá veruleiki sér einnig þá hlið að upphæðin sem fólk þarf að greiða af eignum sínum hækkar samhlíða. Þegar skattur er lagður á verðmæti þá hækkar náttúrulega krónutalan þegar verðmætin aukast. Við horfum til þess að reyna að vega upp á móti því með því að lækka álagningarhlutfallið.“

Gjöldin mikið lægri „betramegin“ við Hellsheiðina

Aðspurður um samanburð við nágrannasveitarfélögin segir Elliði að vissulega sé einnig horft til þess. „Heilt yfir þolum við vel allan samanburð við nágrannasveitarfélögin. Hvað höfuðborgarsvæðið varðar munar náttúrulega gríðarmiklu hvað fólk hér „betramegin“ við Hellsheiðina er að greiða sanngjarnari gjöld af eignum sínum. Ef við lítum okkur svo enn nær og berum saman upphæðir á bak við sambærileg hús í Þorlákshöfn, Hveragerði og Selfossi þá kemur í ljós að gjöld hér eru lægri.“

Umtalsvert lægri gjöld í Þorlákshöfn en í Hveragerði og Selfossi

Þegar borin eru saman fasteignagjöld í Þorlákshöfn, Hveragerði og á Selfossi kemur í ljós að kostnaður fasteignaeigenda í Þorlákshöfn eru umtalsvert lægri. Ef til að mynda er litið til sambærilegra eigna svo sem parhús, og borin saman parhús við Klængsbúð, Þorlákshöfn (byggt 2006/150 m²), Klængsbúð, Þorlákshöfn (byggt 2013/197 m²), Dalsbrún, Hveragerði (byggt 2007/154 m²), Hraunbær, Hveragerði (byggt 2007/169 m²) og Kjarrhólar, Selfossi (byggt 2014/166 m²) kemur í ljós að eignirnar í Þorlákshöfn bera langtum lægri gjöld:

Samanburður verður ef til vill enn nærtækari þegar horft er til svokallaðra „Eyjahúsa“ sem öll voru byggð á sama tíma í Þorlákshöfn, Grindavík, Hveragerði og Selfossi. Sé horft til slíkra húsa kemur einnig í ljós að fasteignaeigendur í Þorlákshöfn og Grindavík borga umtalsvert lægri gjöld en fasteignaeigendur á Selfossi og í Hveragerði.

Sé horft til þessa samanburðar kemur í ljós að eigandi parhúss í Þorlákshöfn greiðir 181.235 krónum minna í fasteignaskatt en eigandi sambærilegs parhúss á Selfossi. Á sama hátt greiðir eigandi Eyjahraunshúss í Þorlákshöfn 135.280 krónum lægra af sinni eign en eigandi sambærilegs húss á Selfossi og 104.985 krónum minna en eigandi í Hveragerði. *Fréttin birtist fyrst á hafnarfrettir.is.*



Veðurofsinn í síðustu viku feykta þessari bryggju við Vigðulaug á Laugarvatni af stólpunum og upp á land. Myndasmíður er: Gríma Guðmundsdóttir.

Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið: **GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI - STÆKKUN ÁFANGI 2.**

Verklök eru 15. júlí 2021.

Verkið felst í byggingu viðbyggingar við Grunnskólann í Hveragerði. Viðbyggingin verður staðsett norður af núverandi skóla við Skólamörk 6, 810 Hveragerði. Byggingin er staðsteypt á tveimur hæðum, um 740m² brúttó stærð gólfplatlar.

Verkið felst í jarðvinnu, uppsteypu byggingarinnar og fullnaðarfrágangi að utan og innan ásamt lóðafrágangi.

Verkkaupi mun á verk tíma leggja áherslu á vandaða umgengni um framkvæmdasvæðið.

Helstu magntölur eru:

• Uppgrafið efni	500 m ³
• Mótasmíði	2400 m ²
• Steinsteypa	400 m ³
• Bendistál	45000 kg
• Utanhúss klæðning	530 m ²
• Pakfrágangur	420 m ²
• Málun innanhúss	870 m ²
• Dúklögð gólf	650 m ²
• Frárennslislagnir	400 m
• Hitalagnir	1200 m
• Vatnúsóðakerfi	220 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 17. febrúar 2020. Senda skal beiðni um útboðsgögn á netfangið kari.gunnarsson@efla.is og gefa upp nafn bjóðanda, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang.


Tilboðum skal skila til skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 14:00, miðvikudaginn 11. mars 2020 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Byggingafulltrúinn
í Hveragerði




HVERAGERÐISBÆR

Samanburður á fasteignagjöldum "Eyjahúsa"



Fasteignagjöld - Sambærileg parhús





2. áfangi - Hótel

Hálendisböðin í Þjórsárdal á tímamótum

Um síðustu áramót urðu mikil tímamót í sögu Hálendisbaðanna þegar forsætisráðuneytið og Skeiða- og Gnúpverjahreppur gengu frá samningi við Rauðukamba ehf. um uppbyggingu á baðstað og hóteli í Reykholti í Þjórsárdal. Þá lauk fjögurra ára undirbúningsferli sem innihélt meðal annars flókna skipulagsvinnu og ítarlega umhverfisskýrslu um verkefnið.

„Næstu skref verkefnisins verða stigin síðar á þessu ári þegar borað verður eftir heitu vatni við Reykholt, enda mikilvægt að tryggja vel vatnsbúskapinn við baðstaðinn. Að öðru leyti mun árið einkennast af hönnun bygginga en áætlað er að hefja verklegar framkvæmdir vorið 2021 og gert ráð fyrir að opna baðstað og hótél í Reykholti veturinn 2023-2024,“ segir Magnús Orri Schram, framkvæmdastjóri Hálendisbaðanna, aðspurður um næstu skref í verkefninu.

Uppbygging í Hólaskógi

Samhliða verkefninu í Reykholti hefur fyrirtækið Rauðukambar einnig rekið gistiskálann í Hólaskógi, við afleggjarann að Háafossi. Fyrirtækið hefur lagt fram hugmyndir um að laga til núverandi skála og snyrta til umhverfis hann með það að markmiði að skapa áhugaverðan áfangastað fyrir

hestaferðamenn, gönguhópa og aðra ferðalanga sem vilja sækja heim Þjórsárdalinn. „Um þessar mundir er unnið að samningamálum varðandi það verkefni og vonandi skýrast þau mál núna í vor og að í Hólaskógi verði komin heilsársstarfsemi næsta vetur,“ segir Magnús Orri.

Aðspurður um hvernig verkefninu sé tekið hjá heimamönnum segir Magnús Orri: „Við hjá Rauðukömbum höfum átt einstaklega gott samstarf við heimamenn um verkefnið í Reykholti, en við gerum okkur fyllilega grein fyrir ábyrgð okkar gagnvart náttúru Þjórsárdals og þeim áhrifum sem framkvæmdir hefur á samfélag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Við höfum lagt mikla áherslu á vandaðan undirbúning og sjálfbærni allra framkvæmdanna og starfseminnar þegar hún hefst. Að baki eru tveir upplýsingafundir með heimamönnum og ráðgerum við að halda fleiri, til kynningar á verkefninu og framgangi þess.“

60-70 heilsársstörf

Ljóst er að uppbygging í Hólaskógi og Reykholti mun skapa mikla möguleika fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Reiknað er með 60-70 heilsársstörfum. „Við vonum að flest þeirra verði mönnum heimamönnum eða Sunnlendingum, en einnig höfum við fundið fyrir miklum áhuga brottfluttra sem horfa

til þess að flytja aftur heim. Þá er ljóst að baðstaðurinn kallar á íbúðarhúsnæði í Árnesi, og aukna eftirspurn eftir afþreyingu og gistingu á svæðinu, en allt skapar þetta áhugaverð tækifæri fyrir heimamenn. Þannig standa vonir okkar til að Hálendisböðin í Þjórsárdal geti virkað sem vítamínsprautu fyrir fjölbreytt atvinnu- og mannlíf í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þegar fram líða stundir,“ segir Magnús Orri að lokum. -gpp

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Jiibbií

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

HP

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Erum flutt á Selfoss
Velkomin áfram í viðskipti

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Simkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ 480 8020

FYIGD

Útfararþjónusta

Gishi G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Josera

Gæludýrafóður

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

DFS.is

Auglýsingapantanir

Sími 482 1944
dfs@dfs.is

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN

Kennslustofa 60

SB SKILTAGERÐ

Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

Lagnaþjónustan ehf

Þjónustustofa

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími